

## Kennsluáætlun í reglum við leiksvæðið:

Viðfangsefnið/reglan: Fara vel með dótið/taka saman.

Til hvers ætlumst við af nemandanum? Að barnið fari vel með dótið og læri að taka saman.

Útskýrum af hverju reglan er mikilvæg: Vegna þess að við eigum að fara vel með dótið og læra að taka saman því að þá endist dótið mun betur og týnist síður.

Hvernig kennum við þessa hegðun? Við sýnum og kennum börnunum hvernig er að fara vel með dótið og taka saman, hvetja þau og sýna þolinmæði ef það tekur smá tíma og hrósa.

Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:

### Rétt hegðun (+).

- 1.) Einar var að fara vel með dótið og tók saman áður en hann fór í hvíld og þegar hann vaknaði vissi hann hvar dótið væri og þurfti því ekki að leita.
- 2.) Lovísa fór vel með dótið og tók saman svo að Logi gæti leikið sér næstur með dótið.
- 3.) Sara fór vel með dótið og tók saman þegar leikskólinn var búinn: Daginn eftir gat hún sótt dótið á sinn stað.

### Röng hegðun (-).

- 1.) Helgi gleymdi að taka saman bílana og Snorri steig óvart á einn bíl svo bíllinn skemmdist.
- 2.) Heiðar var ekki að taka saman lego kubba og týndist hluti af þeim.
- 3.) Egill meiddi sig þegar hann steig ofan á lego kubba sem voru ekki teknir saman og lágu út um allt gólf

Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni:

Með sýnikennslu og æfa rétta hegðun. Vera fyrirmyndir, kenna þeim, hvetja og hrósa.